

# Eystrahorn

4. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 28. janúar 2021

www.eystrahorn.is

## Svavarssafn kynnir myndlistarsýningu Katrínar Sigurðardóttur



Jarðverk Katrínar við Hoffellsá

Myndlistarkonan Katrín Sigurðardóttir sýnir verkið *Til Staðar* í Svavarssafni. Í verkinu hefur Katrín unnið með þær sérstöku aðstæður sem skapast hafa á Íslandi vegna heimsfaraldursins og beint sjónum að því frábæra listsköpunarefni sem er landið sjálft.

*Til Staðar* eru þrjár innsetningar í náttúru Íslands og heimildir í formi ljósmynda og myndbands. Hin staðbundnu verk voru unnin á afviknum stöðum í þremur landsfjórðungum. Við Hoffell undir Vatnajökli, á Skarðsströnd við Breiðafjörð og í Svalbarðshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Hugmyndin að baki verkinu tengist samspili hráefnis sem staðsetningar, mannlegs inngríps og ferlum náttúrunnar sjálfrar.

Katrín Sigurðardóttir hefur á 30 ára ferli sýnt skúlptúra, teikningar, ljósmyndaverk og stórar innsetningar sem umbreyta reynslu og upplifun áhorfandans. Undanfarin ár hefur hún unnið með efnislega frumferla jarðarinnar í verkum sínum. Katrín hefur átt mikilli velgengni að fagna innan listheimsins og verk hennar verið sýnd hér heima og víða erlendis en hún hefur m.a. verið fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum, Sao Paulo Tvíæringnum í Brasilíu, Momentum í Noregi og Rabat tvíæringnum í Marokkó. Einkasýning hennar í Metropolitan safninu í New York borg árið 2010 vakti mikla athygli.

Sýningin hefst í Svavarssafni þriðjudaginn 2. febrúar 2021 en þar sem veraldlegar aðstæður bjóða ekki upp á samkomuhald verður ekki formleg opnun á sýninguna. Þess í stað býður Katrín gestum í samtal um verkið sama dag kl.17:00. Aðeins mjög takmarkaður fjöldi gesta kemst að vegna samkomu-



Myndin er birt með leyfi listakonunnar og Sao Paulo Tvíæringnings

takmarkana og ýtrustu sóttvarna verður gætt. Áhugasamir eru vinsamlega beðnir að hafa samband við sýningastjóra, Auði Mikaelisdóttur, í síma 845-4404 og skrá sig eða senda tölvupóst á [audur@hornafjordur.is](mailto:audur@hornafjordur.is). Listamannaspjallinu verður streymt beint á síðu Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar á YouTube <https://youtu.be/Lz8YBDmAlM> og hvetjum við alla til að fylgjast með áhugaverðri umfjöllun um myndlist. Sýningin mun standa til 5. maí 2021 og eru allir hjartanlega velkomnir í safnið!



**HAFNARKIRKJA**  
Æskulýðsstarf  
Börn 6-9 ára (1.-3.bekkur)  
hefst fimmtudaginn  
4. febrúar kl. 16:15  
Nánari upplýsingar eru að  
finna á samfélagsmiðlum.

**FÉLAGSSTARF FÉLAGS  
ELDRÍ HORNFIÐINGA  
FÉLAGAMENN ATHUGIÐ**



Minnt er á það starf sem hafið er í Ekru og auglýst var í síðasta blaði og á töflunni í Ekru. Mætið og takið þátt eftir því sem þið getið og viljið en farið varlega. Vonandi fer að birta til í kófinu. Sjáumst


# Saga Ungmennafélagsins Sindra

Ágætu Horfirðingar, nær og fjær

Til stendur að skrifa sögu Ungmennafélagsins Sindra og gefa hana út í veglegu bindi á næstu misserum og hefur Arnþór Gunnarsson verið fenginn til að stýra verkefninu. Ungmennafélagið Sindri er því að safna myndum og sögum af félaginu og Sindrafólki í gegnum tíðina og jafnvel hlutum sem tengjast sögu Sindra til skráningar, eða varðveislu.

Því óskar ritnefnd „Sögu Sindra“ eftir því að fólk taki saman það sem það telur að eigi heima í bókinni og skrifi það niður hjá sér, eða jafnvel óski eftir að koma í viðtal ef það man eftir sögulegum viðburðum hjá félaginu.

Hægt er að koma efninu til skila í Heklu Félagsheimili Sindra, að Hafnarbraut 15, eða með tölvupósti á netfangið [sindri@umfsindri.is](mailto:sindri@umfsindri.is)



Með von um öflug og jákvæð viðbrögð

Ritnefnd Sögu Sindra



## Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs sonar okkar, bróður, mágs, barnabarns og frænda.

### Ingvars Mús Guðjónssonar

Útförin fór fram laugardaginn 16. janúar frá Bjarnaneskirkju.



Þökkum félögum í Kiwanis og Mána.

Sérstakar þakkir færum við þeim sem stóðu við Mánagarð og Laxá, einnig þakkir fyrir þann ógleymalega stuðning sem okkur var sýndur með kertaljósnum upp Hæðagarð og Hraunhól.

Ásta Björk Arnardóttir og aðrir aðstandendur

## Styrktaráskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu. Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er. Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

### 1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift)

### 2 Veldu mánaðarlega upphæð



### 3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)

🌐 [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

☎ sími: 848-3933



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarfalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu Eystrahorns?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

**Eystrahorn**

## Takk fyrir jólatré



Íslenski geitastofninn telur um 1700 dýr og er því skilgreindur sem stofn í útrýmingarhættu. 61 af þessum geitum eru á Háhóli í Nesjum, en þar hafa verið haldnar geitir í um 10 ár.

Hér á Háhóli framleiðum við geitakjöt og ýmsar afleiddar geitaafurðir s.s. stökur, sápur og krem. Allar vörurnar okkar eru seldar beint frá býli og geta áhugasamir haft samband við okkur beint til að fá frekari upplýsingar.

Geiturnar eru, líkt og mörg önnur íslensk húsdýr, fóðraðar á heyi á veturna, en þeim er eðlislægt að éta grófara fóður og fá því ýmisskonar trefjarikari fóðurbæti með. Á sumrin fara þær út í hagann og éta helst gras og blóm en fúlsta ekki við laufi, brumi og njóla þar sem þær finna slíkt.

Nú á þorranum eru þær alsælar með tilbreytinguna sem fallið hefur til um jólin, nefnilega jólatré. Háhólsgeitur eiga góða vildarvini að sem hafa fært þeim slíkt góðgæti. Ferskt barr og grannar greinar eru bruddar af áfergi en einnig nudda þær börkinn lausan af trjástofninum með hornunum og naga hann svo líka. Í trjánum eru snefilefni og tréni sem er geitum nauðsynlegt til að viðhalda heilbrigðri meltingu. Þetta er afbrigðis endurvinnsla og viljum við nota þetta tækifæri til að koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra sem hafa fært okkur tré og greinar, bæði til einstaklinga og sveitarfélagsins.

*Kveðjur Lovísa og Jón*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
vettinn fyrir alla

## Menningarverðlaun 2021

Atvinnu- og menningarmálanefnd óskar eftir tillögum að verðlaunahafa Menningarverðlauna 2021 fyrir árið 2020.

Tillögur sendist á [eyrunh@hornafjordur.is](mailto:eyrunh@hornafjordur.is) fyrir 24. febrúar 2021.

*Frekari upplýsingar veitir:*

*Eyrún Helga Ævarsdóttir*

*forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar*

*Sími 470-8052*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Ice Lagoon og Körfu- knattleiksdeild Sindra skrifa undir tímamóta samstarfssamning



Það var mikil eftirvænting í loftinu föstudaginn 15. janúar síðastliðinn þegar biðin var loks á enda, buið að kvefða þriðju bylgjuna í kúttinn, samkomutakmarkanir rýmkaðar og keppnisbanni aflétt. Loksins var komið að fyrsta heimaleik Sindra í körfunni.

Það voru þó ekki einu góðu fréttirnar það kvöldið. Ingvar Geirsson eigandi og framkvæmdastjóri Ice Lagoon Adventure Tours var mættur og tilbúinn að munda pennann til að skrifa undir nýjan og endurbættan samstarfssamning við körfuknattleiksdeildina.

Körfuknattleiksdeild Sindra og Ice Lagoon skrifuðu fyrst undir samstarfssamning sín á milli árið 2018 og hefur heimavöllur Sindra borið nafn fyrirtækisins síðan, Ice Lagoon Höllin. Með nýjum samningi tekur Ice Lagoon eitt skref áfram með körfuknattleiksdeildinni og verður nú aðalstyrktaraðili deildarinnar og mun prýða framhlið búnunga körfuknattleiksdeildarinnar. Nýir útvalarbúnugar voru frumsýndir í leikjum liðsins um síðustu helgi á móti Selfossi og Vestra. Hvíti búningurinn verður svo frumsýndur hér í Ice Lagoon Höllinni næsta föstudag, 29. janúar á móti Skallagrími.

Samningurinn er án nokkurs vafa tímamótasamningur í sögu körfuknattleiksdeildarinnar enda stærsti einstaki samningur sem deildin hefur gert við eitt fyrirtæki. Með samningnum styður Ice Lagoon dyggilega við bakið á körfunni og gerir þeim kleift að taka skref fram á við á tímum þar sem flestir sjá illa til sólar. Samtakamáttur samfélagsins er límið í rekstri lítilla deilda út á landi. Það er vilji stjórna og sjálfbærleika körfunnar að reka deild sem allt bæjarfélagið getur verið stolt af og kemur Höfn á kortið sem sannkölluðum íþróttabæ. Ice Lagoon hjálpar hér deildinni í átt að þeim markmiðum og er það von okkar að samningur þessi sé öðrum fyrirtækjum í héraðinu, sem og fyrirtækjum sem bjóða hér uppá þjónustu, hvatning til að leggja sitt af mörkum!

Ingvar Geirsson hafði þetta um málið að segja eftir að hafa skrifað undir samstarfssamninginn „Við hjá Ice Lagoon erum ákaflega stolt af því að vera aðalstyrktaraðili Körfuknattleiksdeildar Sindra næstu þrjú árin. Öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf eru hverju samfélagi gríðarlega mikilvægt, því er ánægjulegt að fá tækifæri til þess að styrkja þetta frábæra starf í okkar heimabyggð á komandi tímum. Ég hef mikla trú á því öflugna íþrótt- og æskulýðsstarfi sem Körfuknattleiksdeild Sindra er að sinna og byggja upp, jafnframt tek ég ofan fyrir öllu því fólki sem sinnir ómældri vinnu í kringum starfið sem er samfélaginu okkar í heild svo mikilvægt, við ykkar segi ég áfram þið og áfram Sindri!“

Körfuknattleiksdeildin þakkar Ice Lagoon kærlega fyrir stuðninginn og hlakkar til til samstarfsins næstu þrjú árin.

**Áfram Sindri – Áfram Ice Lagoon!**

# Tilraunaverkefni um almenningsamgöngur

Á þessu ári mun sveitarfélagið vinna tilraunaverkefni um að samþætta frístundaakstur og almenningsamgöngur út maí n.k. og aftur í haust frá september fram í desember 2021.

Verkefnið felur í sér að íbúum 18 ára og eldri verður boðið að nýta sér síðdegisaksturinn þeim að kostnaðarlausu til og frá heimreiðum bæja í Nesjum, Mýrum og í Suðursveit. Stoppistöð fyrir farþega í Nesjahverfi verður við N1 söluskálann.

Sveitarfélagið hefur um tíma boðið börnum í dreifbýli upp á frístundaakstur síðdegis alla virka daga frá Höfn að heimili þeirra í Nesjum, á Mýrum og í Suðursveit. Markmiðið er að jafna aðstöðu barnanna til að taka þátt í íþróttum og frístundum á Höfn.

Aksturinn hefst 1. febrúar n.k., stendur út maí í samræmi við eftirfarandi tímatöflu:

Ekið verður frá íþróttahúsinu við Heppuskóla á Höfn samkvæmt eftirfarandi áætlun og miðast tímasetningar við brottför þaðan:

<b>Mánudagur</b>	<b>kl. 16:20</b>
<b>Þriðjudagur</b>	<b>kl. 16:20</b>
<b>Miðvikudagur</b>	<b>kl. 17:20</b>
<b>Fimmtudagur</b>	<b>kl. 17:40</b>
<b>Föstudagur</b>	<b>kl. 17:20</b>

Þeir sem ætla að nýta sér ferð þurfa að hringja eða senda sms í símanúmerið 867-0493 ca. tveimur klukkustundum fyrir áætlaða brottför. Akstursaðilar þurfa tíma til að hafa tiltæka rétta stærð af bíl í samræmi við fjölda farþega.



Hægt er að nýta sér ferðir bílsins til baka úr sveitunum með því að láta vita í sama símanúmer við heimreið hvaða bæjar farþeginn vill koma í bílinn og þá fær hann til baka áætlaðan komutíma bílsins. Farþegi þarf að vera mættur, bíll bíður í 2 mínútur við heimreiðina en verði farþegi ekki kominn innan þess tímaramma fer billinn án hans.

Falli frístundaakstur niður af einhverjum orsökum ekur billinn ekki. Hafi farþegi bókað þegar þannig stendur á verður hann látinn vita.

*F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
Matthildur Ásmundardóttir,  
bæjarstjóri*

## Átt þú rétt á styrk fyrir íþrótt- og/eða tómstundaiðkun barnsins þíns?



Nú er hafið íþrótt- og tómstundastarf hjá börnum og unglíngum eftir vægast sagt undarlega haustönn þar sem starfsemin raskaðist töluvert mikið hjá iðkendum. Þar sem nú er verið að ganga frá skráningum í Nora hjá flestum deildum Umf.Sindra vil ég minna á tómstundastyrk sveitarfélagsins en hann er 50.000kr á ári fyrir börn frá **6-18 ára aldurs**. Við skráningu er hakað við að viðkomandi vilji nýta styrkinn og dregst hann þá strax frá æfingargjaldinu.

Það er vert að minna á að tómstundastyrkurinn nýtist ekki aðeins við íþróttaiðkun heldur í einnig í annað tómstundastarf ss. nám í tónskólanum og hin ýmsu námskeið sem boðið er uppá fyrir þennan aldurshóp yfir árið í sveitarfélaginu.

Til viðbótar við styrk sveitarfélagsins vil ég einnig minna á sérstakan íþrótt- og tómstundastyrk fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum sem veittur er af félags- og barnamálaráðuneytinu vegna Covid-19 faraldursins.

Hægt er að sækja um styrk fyrir börn sem fædd eru á árunum 2005-2014 og búa á heimili þar sem heildartekjur heimilisins

voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars – júlí 2020. Styrkurinn er 45.000 kr. á hvert barn og um 13.000 börn eiga rétt á styrknum. Sveitarfélagin annast afgreiðslu styrkumsókna eftir að búið er að kanna rétt til styrksins inni á Ísland.is.

Ljóst er að mörg heimili í sveitarfélaginu hafa glímt við mikið tekjutap á síðustu misserum vegna Covid-19 faraldursins og er þá mikilvægt að vera meðvitaður um og nýta þann stuðning sem bæði sveitarfélög og ríki veita á þessum erfiða tíma. Svo ég vitni að lokum í félags- og barnamálaráðherra, Ásmund Einar Daðason þá segir hann: „Covid-19 faraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á allt íþrótt- og tómstundastarf í landinu. Þegar þrengir að fjárhag fjölskyldna er mikil hætta á að þær dragi úr þáttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi og það á sérstaklega við um fjölskyldur í neðri hluta tekju-dreifingarinnar. Rannsóknir sýna að íþróttir og frístundir hafa forvarnargildi og því er gríðarlega mikilvægt að við gerum allt sem við getum til að koma í veg fyrir brottfall hjá krökkum í íþróttum og tómstundum vegna faraldursins.”

Afram Veginn!



*Ásgerður K. Gylfadóttir,  
Oddviti Framsóknar í Sveitarfélaginu Hornafirði og formaður  
bæjarráðs*

# Loftslagsyfirlýsing Festu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður og Festa – miðstöð um sjálfbærni og samfélagsábyrgð gerðu með sér samkomulag í desember sl. um stuðning um loftslagsaðgerðir fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu 2021-2022.



Markmið með verkefninu er að hvetja fyrirtæki og stofnanir í Hornafirði til að setja sér markmið í loftslagsmálum, fræðast um leiðir til aðgerða, framkvæma aðgerðir og mæla árangur þeirra. Með því að taka þátt í loftslagsverkefni Festu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar gefst þátttakendum því tækifæri til að njóta leiðsagnar og hvatningar varðandi markmiðasetningu og árangursmælingar í loftslagsmálum.

Loftslagsyfirlýsingin, sem var þróuð af Festu og Reykjavíkurborg, var fyrst undirrituð í Höfða árið 2015 af forstjórum yfir eitt hundrað fyrirtækja og stofnana. Var það gert í aðdraganda Parísarráðstefnunnar um loftslagsmál (COP21) og vakti þátttöku, sem var vonum framar, athygli

á alþjóðavettvangi. Frá þeim tíma hafa fleiri fyrirtæki og sveitarfélög bæst í hópinn, en árið 2019 undirrituðu Festa og Akureyrarbær samstarf um loftslagsyfirlýsingu. Nú hefur Sveitarfélagið Hornafjörður ákveðið að bæstast í hópinn.

Á næstu dögum munu fyrirtæki og stofnanir fá sent boð frá Sveitarfélaginu Hornafirði og Festu um að taka þátt í verkefninu og undirrita loftslagsyfirlýsinguna. Þann 26. febrúar verður skrifað undir yfirlýsinguna við hátíðleg athöfn, og á sama tíma mun sveitarfélagið kynna nýja stefnumörkun sína með áherslu á innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Sveitarfélagið hvetur fyrirtæki og stofnanir til að taka verkefninu fagnandi og hlakkar til samstarfs varðandi loftslagsmál í framtíðinni. Jafnframt er vakin athygli á janúarráðstefnu Festu sem verður haldin næstkomandi fimmtudag, ráðstefnan verður rafræn og öllum opin. Finna má upplýsingar um hana á fésbókarsíðu Festu

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri*



Skinney-Pinganes óskar eftir að ráða gæðastjóra í fullt starf með starfsstöð á Höfn í Hornafirði. Leitað er eftir skipulögðum einstaklingi sem á auðvelt með að vinna sjálfstætt en jafnframt eiga auðvelt með að vinna í hóp. Reynsla og þekking í gæðamálum og tungumálakunnátta er kostur. Helstu verkefni gæðastjóra er að halda utan um gæðakerfi félagsins.

Umsóknum skal skilað til Aðalsteins Ingólfssonar, forstjóra, á [adalsteinn@sth.is](mailto:adalsteinn@sth.is) fyrir 4. febrúar nk. Frekari upplýsingar er hægt að fá í síma 892 3432 (Aðalsteinn) eða 699 6103 (Guðrún).

**SKINNEY ÞINGANES**

Krossey / 780 Hornafjörður / 470 8100 / [www.sth.is](http://www.sth.is)

Skinney-Pinganes hf. rekur fjölbreytta útgerð og vinnslu á sjávarafurðum á Höfn og í Þorlákshöfn. Félagið selur mest af afurðum sínum sjálft, ýmist beint frá fyrirtækinu sjálfu eða í gegnum tengd félög. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 300 manns. Skip og vinnslur eru vel tækjum búar og fyrirtækið býr að stórum hópi góðra starfsmanna.

# VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA Í NETTÓ

KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBLAÐINU

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á [netto.is](http://netto.is) og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.



25%  
AFSLÁTTUR  
AF HEILSU- OG  
LÍFSSTÍLSVÖRUM

## OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

Miðvikudagur 27. jan.  
Tilboð dagsins

Nick's  
Crunchy  
Caramel eða  
Soft Toffee

90 KR/STK  
ÁÐUR: 199 KR/STK

55%  
AFSLÁTTUR



Appelsínur (kg)

Fimmtudagur 28. jan.  
Tilboð dagsins

Nano  
Prótein  
Pönnukökur  
Fimm tegundir

180 KR/STK  
ÁÐUR: 269 KR/STK

33%  
AFSLÁTTUR



Vatnsmelóna (kg)

Föstudagur 29. jan.  
Tilboð dagsins

Änglamark  
Hrískökur

145 KR/PK  
ÁÐUR: 289 KR/PK

50%  
AFSLÁTTUR



Änglamark  
Snakk

259 KR/PK  
ÁÐUR: 399 KR/PK

35%  
AFSLÁTTUR




Bláber (125 g)

nettó

Lægra verð - léttari innkaup

NÝTTU ÞÉR VEFVERSLUNINA

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS



HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR NETTÓ STANDA YFIR DAGANA 25. JANÚAR - 7. FEBRÚAR 2021

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.  
Búðakór • Grandi • Mjódd • Lágmúli • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss